



17. nóvember 2023

Tilv.: 2310128

Alþingi
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Fyrirspurn varðandi frv. til breytinga á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga

Vísað er til fyrirspurnar efnahags- og viðskiptanefndar sem send var til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands með tölvupósti dags. 25. október 2023. Þar var óskað eftir sjónarmiðum fjármálaeftirlitsins varðandi tiltekna athugasemd sem fram kemur í sameiginlegri umsögn Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarp til breytinga á lögum um endurskoðendur og lögum um ársreikninga.

Í b-lið 12. gr. umrædds frumvarps er lagt til að 108. gr. f. laga 3/2006 um ársreikninga hljóði svo: „Endurskoðendaráð skal meta frammistöðu endurskoðunarnefnda“. Í sameiginlegri umsögn hagsmunasamtakanna er kveðið á um að frumvarpið skýri ekki hvernig Endurskoðendaráð eigi að haga eftirliti sínu með endurskoðunarnefndum „m.a. út frá skörun við eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands“ þegar um er að ræða eftirlitsskylda aðila, þ.e.a.s. aðila sem lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Samkvæmt 1. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006 skal starfa endurskoðunarnefnd við *einingu tengda almannahagsmunum*, en það hugtak er skilgreint í 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 3/2006. Þeirra á meðal eru lífeyrissjóðir, lánastofnanir og váttryggingafélög, sbr. b.-d. liðir 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, en slíkir aðilar lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið hefur víðtækt eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum. Hluti af því eftirliti er mat fjármálaeftirlitsins á stjórnarháttum slíkra aðila, þ. á m. að leggja mat á störf og skilvirkni stjórnar og undirnefnda stjórnar, þ.m.t. endurskoðunarnefnda. Slíkt mat er m.a. framkvæmt í tengslum við könnunar- og matsferli fjármálaeftirlitsins. Við mat á skilvirkni og starfsemi stjórnar og undirnefnda, þ.m.t. endurskoðunarnefnda, horfir fjármálaeftirlitið til viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem fjármálafyrirtækjum og váttryggingafélögum ber að fylgja, ákvæða laga nr. 3/2006 er varða hlutverk endurskoðunarnefnda, og eftir atvikum viðmiðunarreglna Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti, þar sem m.a. er fjallað um hlutverk og störf endurskoðunarnefnda.

Eins og greinir að ofan, er kveðið á um í b-lið 12. gr. umrædds frv. að Endurskoðendaráð skuli meta frammistöðu endurskoðunarnefnda. Ekki er að öllu leyti ljóst af frumvarpinu hvað felist í eftirliti Endurskoðendaráðs verði frumvarpið lögfest, eins og raunar Endurskoðendaráð sjálft bendir á í umsögn sinni frá 8. maí 2023, en ætla má að eftirlitið

felist m.a. í því að kanna hvort endurskoðunarnefndir sinni þeim skyldum sem lagðar eru á slíkar nefndir og koma fram í IX. kafla laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Af ofangreindri umfjöllun má vera ljóst að eftirlit fjármálaeftirlitsins annars vegar og Endurskoðendaráðs hins vegar með endurskoðunarnefndum, þegar í hlut eiga aðilar sem lúta eftirliti fjármálaeftirlitsins, getur skarast. Að þessu leyti tekur fjármálaeftirlitið því undir afstöðu hagsmunasamtakanna sem kemur fram í sameiginlegri umsögn þeirra. Fjármálaeftirlitið telur að það geti reynst óheppilegt að eftirlit með endurskoðunarnefndum framangreindra aðila verði á höndum tveggja aðila.

Vegna þessa telur fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að breyta umræddu ákvæði frumvarpsins á þann veg að það undanskilji endurskoðunarnefndir þeirra aðila eftirliti Endurskoðendaráðs, sem eru undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, þ.e. aðila sem falla undir b.-d. liði 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna, en að eftirlit með endurskoðunarnefndum annarra aðila sem falla undir 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna verði í höndum Endurskoðendaráðs. Ákvæðið, svo breytt, myndi tryggja að eftirlit væri með störfum endurskoðendaneftirlits í einingum tengdum almannahagsmunum, eins og ráðgert er í umræddu lagafrumvarpi, en komi í veg fyrir skörun í eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og Endurskoðendaráðs með aðilum sem annars falla undir eftirlit fjármálaeftirlitsins.

Með ofangreint í huga er lagt til að b-liður 12. gr. umrædds lagafrumvarps hljóði svo:

Endurskoðendaráð skal meta frammistöðu endurskoðunarneftirlits vegna þeirra aðila sem falla undir a. og e.-i. liði 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna.

Þá eru starfsmenn fjármálaeftirlitsins reiðubúnir til koma á fund efnahags- og viðskiptaneftirlits til að ræða þau sjónarmið og þá tillögu sem hér er gerð.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri
fjármálaeftirlits

Sigurður Guðmundsson
lögfræðingur
skrifstofa bankastjóra

